

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2007.

Rekstrarreikningur.

Tekjur	þús. kr.
Framlag ríkissjóðs	11.830.165
Framlag sveitarfélaga	5.927.796
Sérstakt framlag félagsmálaráðuneytis	<u>49.212</u>
Tekjur alls	<u>17.807.173</u>
Framlög	
Bundin framlög	1.015.529
Sérstök framlög	3.997.178
Jöfnunarframlög	7.068.170
Jöfnunarframlög til grunnskóla	5.859.236
Stofnkostnaðarframlög	<u>0</u>
Framlög alls	<u>17.940.113</u>
Rekstrarkostnaður	
Laun og launatengd gjöld	4.077
Annar rekstrarkostnaður	<u>44.795</u>
Rekstrarkostnaður samtals	48.872
Eignakaup	<u>272</u>
Framlög og gjöld alls	<u>17.989.257</u>
Rekstrarhalli	(182.084)
Hreinar fjármagnstekjur	<u>303.208</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>121.124</u>
Efnahagsreikningur 31. desember 2007.	
Eignir	
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	249.056
Áfallnar vaxtatekjur	155.247
Aðrar skammtímakröfur	<u>4.316</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>408.619</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>884.260</u>
Eignir alls	<u>1.292.879</u>
Skuldir og eigið fé	
Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>612.354</u>

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	15.525
Ógreidd framlög	180.896
Aðrar skammtímaskuldir	484.104
Skammtímaskuldir samtals	<u>680.525</u>
Skuldir samtals	<u>680.525</u>

Skuldir og eigið fé alls 1.292.879

Sjóðstreymi.

Rekstrarhreyfingar:

Veltufé frá rekstri:

Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi.....	<u>121.124</u>
Veltufé frá rekstri	121.124

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	2.896
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	(35.841)
	(32.945)

Handbært fé frá rekstri 88.179

Fjármögnunarhreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(11.830.165)
Greitt úr ríkissjóði	<u>11.843.463</u>
	13.298

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 101.477

Handbært fé í ársbyrjun 782.783

Handbært fé í árslok 884.260

Staðfesting ársreiknings.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2007 var tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins 121,1 m.kr. Eignir alls námu 1.292,9 m.kr. í árslok. Skuldir alls voru 680,5 m.kr. og eigið fé 612,4 m.kr. í árslok.

Samgönguráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Reykjavík, 24. september 2008.

Kristján L. Möller samgönguráðherra.

Guðmundur Bjarnason,
formaður ráðgjafarnefndar.

Áritun endurskoðenda.

Til samgönguráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 24. september 2008.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.